

Nd. **502. Frumvarp til laga** [211. mál]

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 38. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með samþykki landbúnaðarráðherra getur framleiðsluráð ákveðið, að enginn megi verzla í heildsölu með egg og gróðurhúsaafurðir nema með leyfi framleiðsluráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá stjórn Sambands eggjaframleiðenda:

Lög þau, sem hér um ræðir, eru lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Lög þessi voru samræmd

og felld í eina heild með lögum nr. 59/1960, og munum vér hér á eftir vísa til þeirra laga.

Í VI. kafla, 38. gr. áminnztra laga segir:

„Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda svo og Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda, enda starfi þessi félög á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af framleiðsluráði.“

Með tilvísun til þessara laga veitti framleiðsluráð félagi voru einkaheimild til sölu eggja með svo hljóðandi bréfi, dags. 22. sept. 1958:

„Á fundi framleiðsluráðs landbúnaðarins þann 17. þ. m. var rædd umsókn yðar um, að framleiðsluráðið viðurkenndi yður sem einan söluaðila á eggjum, samkvæmt lögum frá 1956.

Samþykkt var að gefa þessa viðurkenningu með því skilyrði, að Samband eggjaframleiðenda standi opið til viðskipta öllum eggjaframleiðendum landsins og vinni að skipulagsbundinni sölu eggja um land allt. Heimild þessi gildir frá 1. janúar 1959 að telja.

Þetta tilkynnist yður hér með.“

Á þessum grundvelli hóf félag vort starfsemi sína þann 1. jan. 1959, enda hafði aðalfundur félags vors þann 18. maí 1958 einróma samþykkt að stofna til samsölu á eggjum.

Strax í upphafi starfrækslu vorrar kom í ljós, að einstakir framleiðendur vildu ekki hlíta lögum þessum og neituðu að afhenda samsölunni egg sín til heildsölu-dreifingar.

Til þess að fá úr því skorið, á hvaða rétti þessir menn byggðu neitun sína, kærði stjórn félags vors þann 29. júní 1959 m. a. hr. Steindór Árnason, Öldugötu 53 í Reykjavík, til sakadómara. Var þetta nokkurs konar prófmál.

Endalok þessa máls bárust oss í eftirfarandi bréfi frá sakadómaranum í Reykjavík, dags. 25. okt. 1960:

„Hér með tilkynnist yður, að dómsmálaráðuneytið hefur hinn 18. okt. s. l. ritað mér á þessa leið:

Eftir móttöku bréfs yðar, herra sakadómari, dags. 4. þ. m., sem fylgdi endurrit dómsrannsóknar varðandi kæru Sambands eggjaframleiðenda á hendur Steindóri Árnasyni, Öldugötu 53, Reykjavík, vegna sölu á eggjum, tekur ráðuneytið fram, að það fyrirskipar ekki frekari aðgerðir í máli þessu.“

Varðandi þetta mál barst framleiðsluráði enn fremur svo hljóðandi bréf frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 19. okt. 1960:

„Ráðuneytið hefur hinn 17. þ. m. ritað dómsmálaráðuneytinu bréf, þar sem segir svo:

„Ráðuneytið hefur móttakið bréf dómsmálaráðuneytisins, dags. 10. þ. m., ásamt fylgiskjölum, varðandi kæru Sambands eggjaframleiðenda á hendur Steindóri Árnasyni, Öldugötu 53, Reykjavík, vegna sölu á eggjum.

Vegna þessa vill ráðuneytið taka fram, að það telur ákvæði f-liðs 4. gr. laga nr. 40 4. apríl 1956, um breyting á lögum nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, ekki nógu ótvíræð til, að á þeim verði byggð sú ákvörðun framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem fram kemur í bréfi þess til Sambands eggjaframleiðenda, dags. 22. sept. 1958, að viðurkenna sambandið sem einkasöluaðila á eggjum frá 1. janúar 1959.

Ráðuneytið telur viðurkenningu framleiðsluráðs því marklausa hvað snertir einkarétt til sölu á eggjum.

Í samræmi við framanritað telur ráðuneytið, að Steindór Árnason hafi ekki gerzt brotlegur við nefnd lög, sbr. lög nr. 94/1947, og beri því ekki að höfða sakamál gegn honum.“

Jafnframt því að tilkynna framleiðsluráði landbúnaðarins þetta tekur ráðuneytið

fram, að dómsmálaráðuneytið hefur með bréfi, dags: í gær, tilkynnt sakadómaraman-um í Reykjavík, að það fyrirskipi ekki frekari aðgerðir í máli þessu.“

Samkvæmt ofanrituðu er ljóst, að lögin ná ekki þeim tilgangi, sem þeim var í upphafi ætlað. Oss þykir þetta þó mjög einkennilegt, þar sem tilgangur laganna kom greinilega í ljós í framsöguræðu hr. alþm. Páls Zóphóníassonar f. h. meiri hluta landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, þegar lög þessi voru afgreidd.

Til þess að taka af allan vafa varðandi lög þessi óskum vér því eftir, að eftirfarandi grein komi til viðbótar 38. gr. laga 59/1960:

„Með samþykki landbúnaðarráðherra getur framleiðsluráð ákveðið, að enginn megi verzla í heildsölu með egg og gróðurhúsaafurðir nema með leyfi framleiðsluráðs. Leyfi skal veita til eins árs í senn.“

Vér vitum, að yður er vel kunnugt um gang eggjasölumálanna frá fyrstu tíð, en þykir þó rétt að rifja upp nokkur atriði varðandi þessi mál.

Á árunum 1948 til 1952 var gerð tilraun með starfrækslu samsölu á eggjum. Samsala þessi var ekki lögbundin og varð að hætta af eftirtöldum meginorsökum:

1. Samsalan fékk engin egg, þegar markaður var góður og auðvelt að selja.
2. Þegar framboð var meira en eftirspurn, fékk samsalan öll þau egg, sem framleiðendur gátu ekki selt sjálfir. Að sjálfsögðu hafði hún heldur engan — eða lítinn — markað fyrir þau egg.

Eftir þessa tilraun til samsölu ákvað stjórn S. E. að byrja ekki samsölu að nýju, nema hún nyti verndar laga og ótvíærður meiri hluti framleiðenda óskaði þess.

Þegar lögunum um framleiðsluráð var breytt árið 1956, boðaði stjórn S. E. alla eggjaframleiðendur landsins bréflega til fundar á ýmsum stöðum til að kanna áhuga þeirra til stofnunar samsölu. Í framhaldi af þessu var einróma samþykkt á aðalfundi S. E. 1957 að vinna að stofnun samsölu, sem síðan var stofnuð á aðalfundi 1958, eins og áður getur.

Eftir að sýnt var, að menn greindi á um lagabókstaf þann, sem samsalan starf-aði eftir, var svo hljóðandi tillaga samþ. einróma á aðalfundi S. E. 29. maí 1960:

„Þar sem viðurkenning sú, er framleiðsluráð landbúnaðarins veitti S. E. með bréfi, dags. 22. sept. 1958, sem eina söluaðila á eggjum, hefur ekki haft það gildi fyrir félagið, sem ætlað var til, skorar fundurinn á stjórn S. E. að:

1. Vinna að því að fá sem fyrst úrskurð dómstólanna í málum þeim, er félagið hefur höfðað.
2. Fá lögunum breytt þannig, að enginn vafi leiki á réttindum S. E.
3. Þangað til slík viðurkenning er fengin, verði S. E. heimilað að taka aðeins á móti eggjum frá þeim framleiðendum, sem leggja alla innleggsskylda framleiðslu sína inn til félagsins.“

Þar sem ýmislegt hefur komið fram síðan á ofangreindum aðalfundi S. E. 1960, ákvað stjórn félagsins að kanna enn á ný hugi framleiðenda til samsölu og hefur nú undanfarið haldið fundi með framleiðendum á Suðvesturlandi.

Fyrir fundum þessum lá eftirfarandi tillaga til umræðu:

„Almennur fundur eggjaframleiðenda o. s. frv. telur ástand það, sem nú ríkir í eggjasölumálum, algerlega óviðunandi og skorar því á stjórn S. E. að fá lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins breytt í það horf, að öll egg verði seld í gegnum sölusamtök, sem viðurkennd verði af framleiðsluráði.“

Tillaga þessi var alls staðar samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta nema í Reykjavík, þar sem mikill meiri hluti fundarmanna var henni andvígur.

Á fundum þessum var yfirleitt mjög vel mætt, eftir því sem gerist á slíka fundi, og voru þar flestir þeir framleiðendur, sem mestra hagsmuna hafa að gæta.

Greinilega kom fram á fundunum, að samsala á eggjum er framleiðendum nauðsynleg, m. a. af eftirtöldum ástæðum:

1. Framleiðendur eru yfirleitt langt frá markaðsstað.
2. Aðalsölusvæðið, Reykjavík og nágrenni, er orðið það stórt, að ógerlegt er að dreifa eggjum nema á skipulagsbundinn hátt.
3. Starfrækja þarf fullkomnar eggjageymslur, þar sem framleiðendur hafa fæstir tók á að geyma egg hver fyrir sig, sem oft er nauðsynlegt, þegar framleiðsla og neyzla fer ekki saman.
4. Tryggja þarf framleiðendum sem jafnast og eðlilegast verð á eggjum, en slíkt er óhugsandi, þegar framleiðendur selja hver í samkeppni við annan og við mjög misjöfn skilyrði.
5. Tryggja þarf neytendum góð og vel með farin egg með því að stuðla að vöruvöndun og heilbrigðu eggjamati.
6. Pakka þarf eggin í neytenda-pakkningar fyrir kjörbúðir.
Það, sem helzt var talið samsölu á eggjum til foráttu, var:
 1. Að framleiðendur í Reykjavík og nágrenni telja sig vegna staðsetningar sinnar eiga forgangsrétt til eggjasölu í Reykjavík.
 2. Að samsalan muni óbeint stuðla að offramleiðslu á eggjum.
 3. Aukinn dreifingarkostnaður.

Hvað þessum liðum viðvíkur vill stjórn S. E. taka fram:

Um lið 1: Vér álitum, að allir eggjaframleiðendur eigi jafnan rétt til markaðs án tillits til búsetu, svo framarlega sem þeir geti framleitt góða vöru og komi henni óskemmdri á markaðsstað.

Um lið 2: Offramleiðsla á eggjum hefur alltaf átt sér stað, ef árferði hefur verið gott, hvort sem samsala hefur starfað eða ekki. Erfitt er þó að dæma um, hvort um offramleiðslu á eggjum er að ræða eða ekki, þar sem lítið er vitað hverju sinni, hve mikið eggjamagn raunverulega er til. Samsala mundi betur geta gert sér grein fyrir slíku og gert viðeigandi ráðstafanir til hagnýtingar, ef með þyrfti, og með því komið í veg fyrir, að mikil verðmæti færu forgörðum.

Um lið 3: Fyrsta árið, sem samsalan starfaði, nam raunverulegur dreifingarkostnaður um 8%, þrátt fyrir það að samsalan hafði ekki nærri öll eggin til sölu-meðferðar. Útilokað virðist, að framleiðendur hver fyrir sig geti annazt dreifingu, gæðamat, sölu, innheimtu og umbúðakostnað á ódýrari hátt.

Fylgiskjal.

Yfirdýralæknirinn, Reykjavík.

27. febrúar 1961.

Mér hefur borizt bréf yðar ásamt afriti af greinargerð varðandi eggjasöllumál.

Óskað er eftir því, að ég láti í ljós álit mitt á málum þessum, þar sem hér er um mjög vandmeðfarna og viðkvæma neyzluvöru að ræða, á margan hátt sambærilega við kjöt og kjötvörur.

Eins og kunnugt er, eru eigi til neinar reglur varðandi mat og meðferð eggja hér á landi.

Einu reglur, sem stjórnarvöld hafa gefið út varðandi alifugla og egg, lúta að verzlun með útungunaregg og ungasölu.

Þá er og að finna ákvæði, er banna hæsnahald í fjósum, í reglugerð um mjólk og mjólkurvörur.

Allir, sem kunnugir eru þessum málum, munu samdóma um, að nauðsyn beri til, að egg séu metin og flokkuð, og að setja þurfi ákveðnar reglur um meðferð og geymslu þeirra.

Í þessu sambandi má minna á, að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hefur látið mál þessi nokkuð til sín taka, m. a. hefur borgarlæknir farið þess á leit við hið háa landbúnaðarráðuneyti, að settar yrðu reglur um geymslu og meðferð eggja.

Í vissum tilvikum geta egg verið hættuleg neyzluvara og því eðlilegt, að svipað aðhald sé haft með geymslu og meðferð á þessari vöru og nú gildir t. d. um kjöt og kjötvörur.

Til þess að slíkt aðhald sé framkvæmanlegt, verður dreifing eggjanna að fara fram gegnum ákveðna aðila, þar sem hægt er að koma fram mati og eftirliti á vör-
unni og annast geymslu hennar við fullkomin skilyrði, þegar nauðsyn ber til.

Jafnframt mati á eggjum, sem berast til slíkra dreifingar- og geymslustöðva, skapast greið leið til þess að fylgjast með gæðum og meðferð eggja frá hverjum einstökum framleiðanda og koma fram aðgerðum til úrbóta, þar sem þess væri þörf, á svipaðan hátt og nú á sér stað hjá einstökum mjólkurframleiðendum.

Réttlátt mat og góð aðstaða til geymslu eggjanna ætti að vera til mikilla hags-
bóta bæði fyrir framleiðendur og neytendur, þar sem það miðar að því að auka gæði vörunnar. Óþarft er að taka fram, hve mikilvægt slíkt er frá almennu þrifn-
aðar- og heilbrigðissjónarmiði.

Með því að dreifa eggjum nægilega oft úr fullkomnum geymslum til verzlana ætti einnig að mega tryggja það, að egg yrðu ekki fyrir skemmdum í verzlunum, þar sem ekki er fyrir hendi fullkomin aðstaða til geymslu þeirra.

Þar sem hér er um mál að ræða, sem varðar neytendur almennt engu síður en framleiðendur, tel ég eðlilegt, að viðkomandi stjórnarvöld tryggi eðlilegan fram-
gang þessara mála með nauðsynlegum laga- og reglugerðarákvæðum.

Virðingarfyllt,

Páll A. Pálsson.

Til stjórnar Sambands eggjaframleiðenda, Reykjanesbraut 6, Reykjavík.